

Ársskýrsla Æskulýðsnefndar Harðar 2016



Inngangur:

Lagt var af stað inn í haustið 2016 með góða blöndu af frábæru fólki en formaður Æskulýðsnefndarinnar og átta fulltrúar skipulögðu veturinn. Reiðkennararnir okkar sjö sem voru bæði ungir og á besta aldri, voru með nægar hugmyndir og kenndu á ýmis konar námskeiðum. Þeir unnu veturinn bæði af metnaði og áhuga og vonumst við eftir áframhaldandi samstarfi á komandi vetri.

Nefndin samanstóð af nýju kraftmiklu fólki að hluta og fór fyrsti fundurinn í að safna saman hugmyndum um hvað skildi gera um veturinn. Hugmyndirnar voru margar og fjölbreyttar og það verður skemmtilegt að segja fá því sem við höfum verið að gera í vetur sem rakið verður hér að neðan í máli og myndum.

Auglýsingar og upplýsingaflæði :

Megin hugmyndin var sú að reyna að ná til sem flestra barna í hestamennsku og þeirra barna sem eiga foreldra í hestamennsku en eru ekki endilega að ríða mikið út sjálf. Til þess þurftum við að hugsa hvernig okkur myndi takast það og stóðum við okkur vel í því að auglýsa.

Námskeið og viðburðir voru auglýstir á heimasíðu Harðar, á Facebook-síðu Harðar og Æskulýðsnefndar Harðar. Einnig voru Facebook-síðurnar tvær mikið notaðar til að koma upplýsingum um starfið á framfæri. Bæjarblaðið Mosfellingur var einnig nýttur til að koma á framfæri því skemmtilega starfi sem átti sér stað.

Nefndin samanstóð af þessum foreldrum :

Bryndís Ásmundsdóttir, formaður
Rakel Búadóttir, ritari
Sædís Jónasdóttir, gjaldkeri
Karin Mattson
Kristín Kristjánsdóttir
Jarprúður Þórarinsdóttir
Guðrún Gunný Þórisdóttir
Ólafur Haraldsson, fyrir hönd stjórnar Harðar

Námskeið

Lagt var upp með þessu námskeiði í byrjun starfs:

- Pollanámskeið 1 – teymdir 4-5 ára
- Pollanámskeið 2 – ríða einir 5-7 ára
- Almennt reiðnámskeið 8-10 ára
- Almennt reiðnámskeið 11-14 ára
- Seven Games námskeið
- Keppisnámskeið
- Knapamerki 1, 2 og 3
- Trek námskeið

Pollanámskeið

Kostaði 1000 kr. að þessu sinni. Kennd var ½ klst. í senn, 1x í viku. Námskeiðsgjöld voru a.ö.l. svipuð og á síðasta nefndarári. Frístundaávisun var sem áður tekin upp í greiðslu.

Reynt var að hafa allar skráningar á námskeiðin í gegnum Sportfeng að undanskildu pollanámskeiðunum.

Almennt reiðnámskeið:

Þar var farið vandlega í ásetu og stjórnun, ásamt því að farið var í þrautaleiki, hindrunarstökk og fleira. Tæplega átta krakkar tóku þátt.

Seven Games:

Þetta námskeið hefur verið vinsælt síðustu ár, en Harðarfélaginn Ragnheiður Þorvaldssóttir hefur kennt það. Hefur það opnað nýjar víddir í samspili manns og hests.

Knapamerki 1, 2, 3 og 4:

Knapamerkin voru kennd í vetur. Nemendur stóðust prófin með glæsibrag.

Keppisnámskeið:

Kynningarfundur var í upphafi á keppisnámskeiðinu þar sem þær Súsanna Sand og Fredrika Fagurlund kynntu uppbyggingu námskeiðsins og innihald. Mjög góð mæting var á þeim fundi.

Fredrika Fagerlund fylgdi síðan keppiskrökkum í gegnum úrtöku fyrir Landsmót og á Landsmótinu sjálfu

Sonja Novak var yfirreiðkennari Æskulýðsnefndar sá hún um að skipuleggja námskeið og auglýsa þau.

Dagsskrá vetrarins



Farið í keilu:

Í seinnipart nóvember var farið í keilu í Egilshöll, til að hrista saman hópinn og hittast og með það að markmiði að gera eitthvað skemmtilegt sem væri ekki endilega hestatengt.

Mæting var mjög góð og skemmtileg stemning í hópnum.



Hreinsun reiðtygja:

Við komum saman í reiðhöllinni í byrjum janúar og mætti hver og einn með sín reiðtygi, tuskur og fötur. Við fengum til liðs við okkur Helgu söðlasmið sem ráðgjafa og aðstoðarmanneskju við þrif á reiðtygjum.

Við skemmtum okkur í góðum félagskap, fórum í leiki, hlustuðum á tónlist borðuðum veitingar og spjölluðum saman. Rúnar í Hrímnir hestum lagði til olú ásamt því að Helga söðlasmiður kom með minnkaolíu til að nota á reiðtygin.



Páskafitness:

Páskafitness er árlegur viðburður hjá nefndinni þar sem keppt er í ýmsum keppnisgreinum í reiðhöllinni en hestar koma þar hvergi nærri.

Meðal keppnisgreina þetta árið var stígvélakast, skeifukast, hjólbörurall og ruslapokaboðhlaup. Skipt var í lið og fengu allir páskaegg að lokum en vinningsliðið fékk auðvitað stærstu egginn. Mæting var afar góð og skemmtu sér allir konunglega. Nefndin bauð uppá kakó og vöffur í lokin.



Grímutöltið:

Af sjálfsgöðu tókum börnin þátt í grímutölti sem var haldið á vegum mótanefndar og höfðu aldrei sést eins margir flottir krakkar eins og þetta árið.

Allir keppendur stóðu sig með þrýði og voru til mikillar fyrirmyndar.



Grímuleikar:

Voru haldnir og tóku 2 lið þátt í því í ár. Sýnd voru einstaklingsatriði og hópatriði á þessum leikum sem mótanefnd stóð fyrir.

Í ár var eitt einstaklingsatriði frá Íris Birna Gauksdóttir og sýndi hún það atriði á Æskan og hesturinn einnig. Viktoría Von og Johanna Lilja voru með samspil og spegilmynd í sýnu atriði og hentu svo karmellum til áhorfenda í lokin sem vakti ánægju meðal yngri áhorfenda.



Reiðtúr í apríl:

Farið var í reiðtúr í apríl og þá vantaði svo sannarlega ekki sólina né blíðuna. Góður hópur mætti af galvöskum krökkum og tókst túrinn einstaklega vel.

Riðið var um svonefndan Ístakshring, farið var heim til eins úr nefndinni sem bauð upp á safe, kökur og kex.



Æskan og hesturinn:

Sem fyrr tók hestamannafélagið Hörður þátt í sýningunni, Æskan og hesturinn sem fram fór í reiðhöllinni í Víðidal.

Fulltrúar fræðslunefndar fatlaðra í Herði kynntu einnig sitt starf. Þátttakendur voru ca. 30 allt frá 5 ára til 20 ára aldurs sem tóku þátt í grímutolti, slaufureið og atriði um Emil í Kattholti. Helena Kristinsdóttir aðstoðaði við handritsgerð. Stífar æfingar voru haldnar fyrir sýninguna sem Anton Hugi Kjartansson og Súsanna Katarína Guðmundsdóttir sáu um að skipuleggja með Bryndísi Ásmundsdóttir til aðstoðar sem og fullt af flottum foreldrum. Fyrir atriði Emils var mikill undirbúningur og vinna unnin til að gera atriðið sem glæsilegast.

Hist var nokkur kvöld til að æfa og pantaðar voru veitingar, borðaðar kökur og krökkunum gefin sleikjÓ af þjálfurum – reynt var að gera þetta að góðu hópefli um leið. Meðal annars sem var gert : það var að farið á stúfanna að finna gamla muni, gamla hnakka, gömul aktýi og hestvagn fengin í atriðið. Allt tókst þetta mjög vel og var hestamannafélaginu til mikils sóma.

Eftir sýninguna hittist hópurinn á annari hæðinni í reiðhöllinni spjallaði og borðaði saman samlokur, svala og köku. Allir þátttakendur fengu kamb að gjöf að sýningu lokinni.





Miðbæjarreið:

Við tókum að sjálfsögu þátt í henni. Þetta er viðburður sem er alltaf gaman að taka þátt í. Við í Herði mættum með hestvagn sem vakti mikla lukku í miðbænum og svo voru nokkrir úr æskulýðnum fánaberar.



Í túninu Heima:

Formaður Harðar hún Jóna Dís Bragadóttir bauð æskulýð Harðar að vera fánaberar á fjölskylduhátíð bæjarins og tóku fjórar stúlkur þátt í því, Johanna Lilja , Viktoría Von, Aníta Eik og Melkorka.

Keppnir og mót

Vetrarmót:

Mikill fjöldi ungra knapa tóku þátt í vetrarmótum og mikil aukning frá fyrri árum. Var þetta góður undirbúningur fyrir keppnistímabilið í sumar.

Íþróttamót Harðar:

Frábær skráning var á íþróttamótið og ekki svo margir verið skráðir í yngri flokkum í mörg ár. Stóðu krakkarnir sig mjög vel.

Æfingamót:

Æfingamót fyrir úrtökumótið var haldið rétt eftir miðjan maí. Keppendur fengu einkunn og umsögn frá dómurum en engin verðalaun voru gefin því hér var markmiðið einungis að æfa fyrir það sem koma skyldi.

Gæðingamót / úrtaka fyrir Landsmót:

Mikill hugur var í börnum, unglíngum og ungmönnum fyrir gæðingamótinu og voru miklar skráningar. Haldin var tvöföld úrtaka, þ.e. á fimmtudegi og aftur á laugardegi. Eftir að hafa slípað vel til sýningarnar eftir sýningar á æfingamóti, náðu allir knapar að gera löglega sýningu og því var öflugur hópur ungra knapa sem unnu sér rétt til þátttöku á Landsmótinu. Hörður mátti senda sjö knapa í hverjum flokki auk tveggja varaknapa.

Hér fyrir neðan er hópurinn sem keppti í barnaflokki á LM 2016.





Fánareið á Landsmóti:

Stór hópur frá Herði tók þátt í fánareið á LM hestamanna og stóðu þau sig með þryði.

Hefur ekki verið eins góð þátttaka áður enda samheldin landsliðshópur hér á ferð og allir sem voru með hesta sína enn á svæðinu tóku þátt. Skemmtileg upplifun var það sem krakkarnir töluðu um eftir fánareiðina.

Landsmótsnefnd hjá æskulýð Harðar:

Stofnuð var Landsmótsnefnd sem samanstóð af þeim Bryndísi Ásmundsdóttir formanni Æskulýðsnefndar, Karin Mattson úr æskulýðsnefnd og Fredricu Fagerlund reiðkennara. Sáu þær um að skipuleggja hvernig við vildum þjappa hópnum saman fyrir Landsmót. Við þökkum Jónu Dís formanni Harðar fyrir hennar framlag á fb síðu nefndar, á æfingamóti og á LM.

Boðið var upp á fjóra fría 30 mín, í einkakennslu fyrir alla í barna-, unglinga- og ungmennaflokk. Nýttu allir þeir sem voru á svæðinu sér það. Kennarar voru þær Fredrica Fagerlund og Súsanna Sand.

Árangur:

Var til fyrirmyndar á LM og félagsmenn til fyrirmyndar innan sem utan vallar. Þess má geta að Súsanna Katarína sem er í ungmennaflokk var ritari á mótinu. Anton Hugi Kjartansson sem er í unglingaflokk lagði mikið vinnuframlag til dómspalls á LM. Ungir, efnilegir og vel liðnir Harðarfélagar þar á ferð.



Fyrirlestur þjálfarans:

Fredrica Fagerlund reiðkennari var með frábært erindi þar sem hún fjallaði um sína reynslu af því að vera á mótum, þ.e. hvað þurfi að huga að í aðdraganda móta, á mótttsstað, næringu knapa og hesta, liðsheild og samheldni, andlegan og líkamlegan undirbúning, og margt fleira.

Erindi hennar var vel undirbúið og ómentanlegt að hún skyldi miðla þessari reynslu til hópsins. Um kvöldið var boðið uppá veitingar.



Heimsókn í Fák:

Okkur var boðið uppí Fák til að hlusta á Sigurbjörn Bárðarson flytja flott erindi um reynslu sína af keppni og undirbúningi. Tekið var vel á móti okkur og bauð Fákur uppá ávexti og drykki. Okkar fólk settist á fremsta bekk og hlustaði á meistarann segja frá skemmtilegum reynslusögum.



Boðfimi og pizza:

Hópefli fyrir LM var haldið í bogfinisetrinu, þar var keppt í allt annari íþrótt. Hittumst og borðuðum veitingar saman. Enduðum í ísbúð. Skemmtilegur dagur og góð samstaða í hópnum. Mikið talað, sungið og hlegið.



Hittingur á Landsmóti:

Keppendur og aðstendundir hittust á LM og grillaði pizzur sem Pizza Ricco styrkti hópinn að fyrir LM. Aðrir keppendur Harðar voru einnig velkomnir. Þarna myndaðist góð stemning, mikið spjallað og nóg var fyrir alla.

Þökkum Lindu og Stefáni foreldrum Helgu Stefánsdóttir fyrir aðgang að grilli og drykkjum.

Uppskeruhátíð:

Hátíðin er árlegur viðburður þar sem öllum er boðið. Nefndin sá um að elda með góðri hjálp frá Hólmsfríði Halldórsdóttir og Jónu Dís Formanni. Við fengum gefins brauð frá Mosfellsbakarí til að hafa í forrétt, eldað var lambakjöt og meðlæti síðan var boðið upp á ís í desert sem við fengum hjá Gulla í Snælandi en hann er Harðarfélagi. Skemmtiatiðið í ár var Einar töframaður.

Verðlaun voru veitt fyrir besta keppnisárangur. Hvatningarverðlaun voru veitt í öllum flokkum og viðurkenningar fyrir að hafa lokið knapamerki. Allir sem tóku þátt í viðburðum fengu einnig viðurkenningarskjal frá félaginu.



Lokaorð:

Árið var í heild velheppnað. Nefndarfolk mætti á fundi einu sinni til tvisvar í mánuði til að skipuleggja viðburði hjá æskulýðsnefnd. Góð samvinna ríkti og allir samstíga í því sem ákveðið var. Foreldrar voru virkir að taka þátt þegar viðburðir voru haldnir og þökkum við þeim öllum innilega fyrir þeirra framlag til æskulýðsstarfssins. Nefndarstörf eru sjálfboðavinna sem seint verður verðlaunað fyrir, þessi nefnd sem starfaði þetta árið á hrós skilið fyrir allar þær stundir sem það hefur lagt til félagsins með vinnuframlagi sem og fundarsetu.